

Fertugasti og áttundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 29. október 2019 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og tóbaksleyfi.

- a. Lisa Hue Thi Nguyen f.h. Ís-grill ehf. sækir um starfsleyfi vegna eigendaskipta fyrir rekstri matsöluástarins Mosó grill að Háholti 14 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 8. október 2019 með gildistíma til 12 ára.
Staðfest.
- b. Jón Óskar Karlsson f.h. Blik veitingar ehf. sækir um starfsleyfi vegna eigendaskipta fyrir rekstri matsöluástarins Blik bistró & grill að Æðarhöfða 36 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 8. október 2019 með gildistíma til 12 ára.
Staðfest.
- c. Óli Valur Steindórsson f.h. Hlöllabátar ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri matsöluástarins Hlöllabátar að Þverholti 1 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 14. október 2019 með gildistíma til 12 ára.
Staðfest.

Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna.

- d. Þór Þráinsson f.h. GG verk sækir um framlengingu á starfsleyfi fyrir GG verk vegna niðurrifs á fasteigninni Bjarkarholti 18 áður Háholti 24 í Mosfellsbæ..
Heilbrigðiseftirlitið framlengdi leyfið til 15. desember 2019 þann 15. september 2019.
Staðfest.

Umsóknir um leyfi til tóbakssölu.

- e. Lisa Hue Thi Nguyen f.h. Ís-grill ehf. sækir um tóbakssöluleyfi fyrir Mosó grill að Háholti 14 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út tóbakssöluleyfi fyrir fyrirtækið þann 8. október 2019 með gildistíma til 4 ára.
Staðfest.

2. Umsagnir:

2.1. Umsagnir um erindi sýslumanns.

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 1. október 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Blik veitingar ehf. að Æðarhöfða 36 í Mosfellsbæ.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 8. október 2019.
Staðfest.

2.2. Umsagnir um skipulagsmál.

a. Umsögn um deiliskipulagslýsingu frístundasvæðis við Miðdal.

Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 9. september 2019 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um deiliskipulagslýsingu – frístundasvæði Miðdal Mosfellsbæ.

Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um sama mál dagsett 2. október 2019.

b. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 12. september 2019 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um deiliskipulagslýsingu. Deiliskipulag verslunar, þjónustu og athafnasvæðis í Blikastaðalandi Mosfellsbæ.

Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um sama mál dagsett 3. október 2019.

3. Gjaldskrá fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Lögð fram drög að nýrri gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlitið.
Samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 var kynnt.
Samþykkt.

5. Kæra Fylkis ehf. til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Lagt fram bréf Lagapings dagsett 23. september 2019, svar við bréfi Úrskurðarnefndar um upplýsingamál dagsett 27. ágúst 2019 vegna kæru Fylkis ehf.

6. Formannskipti í heilbrigðisnefnd

Hannes Tryggvi Hafstein steig til hliðar sem formaður heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Valborg Anna Ólafsdóttir varaformaður var kjörinn formaður og Magnús Dalberg varaformaður.

Hannes lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég þakka það traust og ótvírætt umboð sem fulltrúar heilbrigðisnefndar hafa veitt mér síðustu fimm og hálf ár. Ég hef notið þess trausts að vera kosinn formaður síðustu þrjú og hálf ár og varaformaður árin tvö þar á undan. Allt hefur sinn tíma og tekur enda. Ég óska nýjum formanni og varaformanni innilega til hamingju með kjörið og alls hins besta í störfum fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

7. Önnur mál

- Lögð fram árskýrsla Umhverfisstofnunar um loftgæði á Íslandi árið 2017 ásamt fylgiriti umhverfisvísar, vöktun og uppsprettur.
- Lögð fram fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 22.10.2019. Árni og Valborg varaformaður sóttu fundinn fyrir hönd heilbrigðiseftirlitsins.

Fundi var slitið kl. 18:15.